

Alþingi
Erindi nr. P 130/1080
komudagur 24.2.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2004.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga, þingskjal 716, um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Mér hafa falið eigendur lands við Geysi, þ.e. eigendur Haukadals II, Bryggju og Tortu, aðrir en íslenska ríkið, að koma á framfæri andmælum við fyrirhugaða friðlýsingu á Geysissvæðinu eins og hún birtist í Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Landeigendur hafa mótmælt friðlýsingaráformum við Umhverfissráðuneytið en vilja nú ítreka mótmæli sín við Alþingi svo afstaða þeirra sé ljós.

Efnislega voru mótmælin eftirfarandi:


“Fyrirhuguð friðlýsing mun ef hún kemur til framkvæmda hafa veruleg áhrif á nýtingarmöguleika landsins og skerða eignir umbj. minna. Lagt er til af hálfu Umhverfisstofnunar að jaðarsvæði umhverfis Geysissvæðið sjálft hafi 5 km. radius og er þá farið yfir öll heimalönd umbj. minna, þar sem m.a. eru hús, önnur mannvirki og heitavatsnupsprettur. Friðlýsingin mun koma í veg fyrir að þeir gætu notið hlunninda af landareignum sínum og útiloka alveg nýtingu á heitu vatni þótt komið væri út fyrir vatnsæðar þær sem beinlínis gefa hverasvæðinu jarðvarma.

Á sama veg telja umbj. mínir að friðlýsing á Almenningsunni Geysissvæðisins muni skerða eignarrétt þeirra og möguleika til nýtingar lands og ráðstöfunar þess m.a. til sumarhúsabygginga.

Landeigendur telja friðlýsingaráformin yfirgengileg og harma það að þau skuli gerð án nokkurs samráðs við þá. Skýtur nokkru skökku við að á sama tíma og stjórnvöld telja þeim trú um að alvara sé á bak við áform ríkisins um kaup á landi og jarðhitaréttindum á svæðinu skuli vera unnið að því að rýra notagildi landsins.

Umbj. mínir áskilja sér rétt til skaðabóta ef af friðlýsingu verður.”

Virðingarfyllst,


Páll Arnór Pálsson hrl.